Húðvörur – líkami

Húðin er útvörður okkar í hinni daglegu baráttu líkamans við sýkingar og mengun. Við þurfum því að gæta þess vel að vernda hana og styrkja. Þegar brestur kemur í þessa mikilvægu vörn okkar, hvort sem það er af völdum ofnæmis, skordýrabits, bruna eða veðrunar, er full ástæða til að sýna natni við að græða áverkann og hamla gegn sýkingum. Aloe vera veitir húðinni þá bestu hjálp sem fáanleg er enda hefur jurtin lengst notið álits vegna þess hversu vel hún græðir húð og dregur úr húðertingu. Þegar þessir góðu eiginleikar og sú sérþekking sem Forever Living býr yfir eru sameinaðir er engin hætta á öðru en að útkoman verði góð!

Við erum stærsti framleiðandi aloe á heimsvísu og þær vörur sem við bjóðum upp á eru öðrum fremri að gæðum. Við höfum þróað einstaka vörulínu með fjölbreyttum vörutegundum sem nýta náttúrulega eiginleika aloe vera til að veita húðinni nauðsynlegan raka og vítamín. Húðvörurnar okkar verja húðina fyrir ofþornun, áhrifum sólarljóssins og vindsins og bakteríusýkingum, mýkja hana og draga úr áhrifum aldursbreytinga.

Aloe Moisturising Lotion

Lýsing og notkunarsvið

Sól, vindur, loftmengun. Hvern dag verður húð okkar fyrir miklu álagi og það tekur sinn toll af henni. Nú hefur þú tækifæri til að snúast til varnar og verja húð þína með hinu einstaka Aloe Moisturising Lotion.
Þessi frábæra húðmjólk hefur einstaka rakagefandi og mýkjandi eiginleika. Hún inniheldur einnig kollagen og elastín sem halda húðinni mjúkri og teygjanlegri og varðveita rétt sýrustig hennar. Þessi húðmjólk er þykkari en Aloe Lotion og er tilvalin til að endurheimta raka sem hefur tapast og gefa húðinni mjúka, silkikennda áferð. Aloe Moisturising Lotion er tilvalinn áburður á andlit, hendur og líkama, sem smýgur í gegnum ysta lag húðarinnar og vinnur gegn öldrunaráhrifum sem mengun og veðrun valda. Hægt er að bera farða á húðina um leið og öll húðmjólkin er gengin inn í húðina.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera hlaup, vatn, C12–15 alkýlbensóat, sterínsýra, glýserýlsterat, vetnað pólýísóbútan, metýlglútek-20, sorbítól, apríkósukjarnaolía, pólýsorbat 60, tríetanólamín, setýlalkohól, uppleysanleg kollagen, vatnsrofið elastín, jojobaolía, tókóferól (náttúrulegt E-vítamín), natríumhýalúrónat, natríum PCA, kamilluþykkni, allantóín, dímetíkon, PEG-100 sterat, askorbínsýra (C-vítamín), díasólínidýlúrea, metýlparaben, própýlparaben, ilmefni.

Magn

118ml.

Leiðbeiningar

Berið á andlit, hendur og líkama. Nuddið gætilega þar til húðmjólkin hefur gengið inn í húðina. Ef húðmjólkin er notuð sem grunnur undir farða skal láta þunna filmu verða eftir á yfirborði húðarinnar.

Í sviphendingu...

- Mýkjandi fyrir andlit og líkama.
- Handáburður.
- Inniheldur ekki lanólín.
- Þykkfljótandi.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Lotion

Lýsing og notkunarsvið

Aloe Lotion er frábær fjölnota húðáburður sem inniheldur jojoba-olíu og E-vítamín. Hann hentar vel á þurra húð og minni háttar útbrot og kláða. Áburðurinn er mýkjandi og gefur húðinni fallega áferð og rétt sýrustig. Hann hentar því vel sem alhliða húðáburður.

Það er meira af aloe í Aloe Lotion en í Moisturising Lotion og ætti það því að vera fyrsti valkosturinn við þurri og sprunginni húð, sólbruna eða vindbarinni og veðraðri húð. Aloe Lotion er tilvalin húðmjólk á allan líkamann þar sem hún inniheldur kollagen og elastín sem hjálpa til við að halda húðinni mjúkri og teygjanlegri. Sýrustig hennar og áferð gera það að verkum að hún er sérlega rakagefandi og mýkjandi fyrir húðina. Við höfum notað okkur nýjustu tækni í framleiðslu á húðvörum til að gera Aloe Lotion betri en nokkru sinni fyrr. Aloe Lotion húðmjólkin er frábær hvar sem hún er notuð á líkamann!

Innihald

Kamilluþykkni, allantóín, lanólínalkohól, ascorbínsýra (C-vítamín), díasólínidýlúrea, metýlparaben, própýlparaben, ilmefni.

Magn

118ml.

Leiðbeiningar

Notist að vild. Bestur árangur næst með því að nudda húðmjólkinni inn í húðina. Endurtakið eftir þörfum.

Í sviphendingu...

- Mýkjandi á andlit og líkama.
- Hentar mjög vel eftir sólbað.
- Handáburður.
- Er fíngerðara en Moisturising Lotion.
- Hefur góð áhrif á minni háttar húðertingu og útbrot.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Propolis Creme

Lýsing og notkunarsvið

Hvaða fyrirtæki annað en Forever Living Products gæti hafa framleitt jafn einstakt rakakrem og Aloe Propolis Creme? Þegar við tengjum saman áhrifin af leiðandi stöðu okkar á heimsmarkaði með aloe-vörur og býflugnavörur þarf það ekki að koma á óvart að Aloe Propolis Creme er meðal vinsælustu húðvara okkar. Þér verður ljóst hvernig á því stendur jafnskjótt og þú ert búin(n) að prófa vöruna!
Aloe Propolis Creme hefur fyrirtaks rakagefandi eiginleika fyrir húðina enda gert úr geymsluvörðu aloe vera geli og býflugna própólis auk ýmissa annarra efna sem gera húðinni gagn.

Aðal innihaldsefnið er að sjálfsögðu geymsluvarið aloe vera gel. Í það er bætt býflugna própólis sem gefur kreminu aukin sýklavarnaráhrif (sjá um býflugna-própólis frá Forever í kaflanum um býflugnavörurnar). Kamilla og valurt eru einnig notaðar, enda báðar þekktar sem einhver bestu náttúrulyf sem völ er á fyrir húðina. (Þessar þekktu plöntur eru einnig mikið notaðar í hinni góðkunnu Aloe Fleur de Jouvence vörulínu).
Að endingu eru sett A- og E-vítamín í þessa sefandi uppskrift en þau eru kunn fyrir hin góðu áhrif þeirra á húðina.

Aloe Propolis Creme er einstaklega vel til þess fallið að veita þurri húð nauðsynlegan raka. Hinn ljúfi ilmur þess og þykk blandan gera það að tilvöldu nuddkremi sem kallar fram djúpa slökun.
Einnig er hægt að nota það við sértækum húðvandamálum.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, glýserýlsterat, própýlenglýkól, setýlalkohól, PEG–100 sterat, lanólín, sorbítól, díoktýladípat, oktýlsterat, oktýlpalmítat, allantóín, býflugna-própólis, lanólínalkohól, dímetíkon, tókóferól (náttúrulegt E-vítamín), beta-karótín (A-vítamín), tvínatríum EDTA, kamilluþykkni (anthemis nobulis), tríetanólamín, askorbínsýra (C-vítamín), díasólínidýlúrea, metýlparaben, pólýparaben, ilmefni.

Magn

113ml.

Leiðbeiningar

Berið á eftir þörfum.

Í sviphendingu...

- Hefur góð áhrif á flest húðvandamál.
- Própólis er náttúruleg sýklavörn.
- Ver húðina fyrir óæskilegum áhrifum úr umhverfinu.
- Hjálpar við frunsum og gjelgjubólum.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Gelly

Lýsing og notkunarsvið

Fyrr á tímum var aloe vera einkum notuð á minni háttar brunasár. Lifandi aloe vera planta, stundum kölluð „brunaplantan“ var raunar til á mörgum heimilum og gripið var til hennar þegar óhöppin hentu. En nú er ekki lengur þörf á slíkri varúðarráðstöfun því völ er á Aloe Vera Gelly frá Forever Living Products. Aloe Vera Gelly var sérstaklega þróað til staðbundinnar notkunar og til að mýkja, sefa og græða. Gelið er þykkt og inniheldur rakagefandi og mýkjandi efni. Notkun á því er einstaklega öflug leið til að næra húðina með geymsluvörðu aloe vera geli og líkist mest því að geta notað safann beint úr plöntunni. Ennfremur dregur húðin allt gelið auðveldlega í sig þannig að ekki er nein hætta á að það setji bletti í föt.

Aloe Vera Gelly er græðandi og kemur að góðum notum í ýmsum ólíkum tilvikum. Það á t.d. vel við á minni háttar brunasár, gelgjubólur, flösu, exem, sóríasis og kossageit svo nokkuð sé nefnt.
Húðin drekkur hálfgagnsætt gelið auðveldlega í sig og það hefur yndislega sefandi áhrif. Það getur dregið úr óþægindum vegna kláða, þrota, verkja, sýkinga og eymsla. Sótthreinsandi áhrif þess valda því að það kemur að gagni við sýkingum og mýkjandi áhrif þess gagnast við að draga úr sársauka í meiðslum af ýmsu tagi.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, vatn, glýseról, tríetanólamín, karbómer, tókóferól (náttúrulegt E-vítamín), allantóín, askorbínsýra (C-vítamín), díasólínidýlúrea, tvínatríum EDTA, metýlparaben.

Magn

118ml.

Leiðbeiningar

Þrífið húðina vel áður en Aloe Vera Gelly er borið á. Nota má gelið að vild og eins oft og óskað er eftir.

Í sviphendingu...

- Hentar prýðilega á flesta húðkvilla og sár á húð þar á meðal gelgjubólur, exem, sóríasis, húðbólgu, brunasár, svitabólur og sólbruna.
- Prýðilegt til að draga úr ertingu og óþægindum eftir að hár hafa verið fjarlægð með rafmagnsmeðferð.
- Gott að bera umhverfis hársvörð þegar verið er að lita hár eða setja í það permanent.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Heat Lotion

Lýsing og notkunarsvið

Eftir langan dag á skrifstofunni, úti í garði eða á íþróttavellinum eru vöðvarnir stundum aumir og lúnir. Öll þekkjum við það. Nú er auðvelt að teygja sig í túpu af Aloe Heath Lotion og ráða bót á þessu.

Aloe Heat Lotion er mýkjandi áburður, gerður úr þeytu af olíu og vatni og inniheldur auk þess hitamyndandi efni. Áburðurinn er því tilvalinn til að nudda þreytta vöðva og endurnæra þurra húð. Áburðurinn virkar slakandi og mýkjandi, gengur djúpt inn í vöðvana og losar um streitu og spennu. Aloe Heat Lotion virkar vel á liðagigt, vöðvaverki og höfuðverk af völdum vöðvaspennu. Með því að nudda litlu magni á gagnaugun má jafnvel losa um stíflur í ennisholum.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera hlaup, vatn, metýlsalisýlat, glýserílsterat, própýlenglýkól, setýlalkohól, mentol, tríetanólamín, olía af laufum tröllatrjáa (júkalyptus), olía úr apríkósukjörnum, vaselín, sesamolía, lanólín, jojobaolía, olíusýra, PEG-100 sterat, karbómer, allantóín, lanólínalkohól, askorbínsýra (C-vítamín), díasólínidýlúrea, tvínatríum EDTA, metýlparaben, pólýparaben.

Magn

118ml.

Leiðbeiningar

Berið á eftir þörfum og nuddið inn í húðina. Gætið þess að efnið berist ekki í augu. Ef það gerist skal skola með hreinu vatni í nokkrar mínútur.

Í sviphendingu...

- Hitagefandi krem við vöðvaverkjum, tognunum og eymslum í liðum.
- Getur komið að gagni við höfuðverk (berið á gagnaugun í litlu magni).
- Getur gagnast við öndunarerfiðleikum (nuddið á bak og brjóst).
- Hentar jafnt börnum sem fullorðnum.
- Tilvalið nuddkrem.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe MSM Gel

Lýsing og notkunarsvið

Nýja MSM-gelið er tilvalin viðbót við aðrar vörur okkar sem hafa mýkjandi áhrif á stífa og sára liði og vöðva. Þar má benda á hinar áhrifaríku vörur Aloe Vera Gel og Forever Freedom drykkina, Arctic-Sea fæðubótarefnið og Heat Lotion. Þau hafa öll líknandi áhrif á bólgur og verki og Forever Freedom styrkir einnig liðbrjóskið.

MSM (metýlsúlfonýlmetan) er náttúruleg uppspretta lífræns brennisteins, sem er lykilefni í byggingu liða og stoðvefja. MSM-er í hverri einustu frumu líkamans og auk þess að hafa bólgueyðandi og verkjastillandi áhrif gagnast það við uppbyggingu brjósks.

Aðalefnið í þessari vöru er geymsluvarið aloe vera gel og auk þess MSM og jurtakraftur af ýmsu tagi. Gelið er glært og setur ekki bletti. Það er því hægt að bera það á húðina að vild og nudda því inn í sára liði og auma vöðva. Lignín, sem er í geymsluvarða aloe vera gelinu, hefur þann eiginleika að ganga djúpt inn í húðina og bera með sér MSM til þeirra vefja sem á því þurfa að halda.
MSM, sem unnið er úr trjáberki, hefur verið notað við álagsmeiðslum og tognunum hjá hrossum um árabil.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, vatn, dímetýlsúlfón (MSM), glýseról, tríetanólamín, dímetíkon, sortuberjaþykkni (arctostaphylos uva ursi), natríumhýlalúrónat, allantóín, tókóferók (náttúrulegt E-vítamín), olía úr tetrjálaufum (melaleuca alternifolia), rósmarínþykkni (rosmarinus officinalis), silfurvíðiþykkni (salix alba) pólýsorbat 80, askorbínsýra, karbómer, dínatríum EDTA, metýlparaben, díasólínidýlúrea.

Magn

118ml.

Leiðbeiningar

Notist eftir þörfum tvisvar til þrisvar á dag. Nuddið vel inn í húðina.

Í sviphendingu...

- Tilvalið fyrir aum og stirð liðamót.
- Gagnast mjög vel við álagsmeiðsli og tognanir.
- Dregur úr sársauka sem starfar af gigt í mjúkvefjum, svo sem vöðvagigt.
- Fljótvirkt og hentar á íþróttameiðsl.
- Ilmar vel og setur ekki bletti.
- Gagnlegt við gelgjubólum vegna hins háa brennisteinsinnihalds.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe First

Lýsing og notkunarsvið

Aloe First er fjölnota efni sem á vel heima í öllum sjúkrakössum. Þessi einstaka húðvörn ver húðina gegn sýkingum og dregur úr bólgu og þrota. Inniheldur ríkulegt magn af geymsluvörðu aloe vera geli auk ýmissa annarra efna sem gera Aloe First að upplögðum valkosti þegar grípa þarf til ráðstafana gegn minniháttar húðvandamálum.

Býflugna-própólis eykur náttúrulega sótthreinsandi verkun aloe vera gelsins.
Allantóín er efni sem verndar húðina. Það fyrirfinnst í mörgum jurtum, þar á meðal í ysta hluta blaða aloe vera plöntunnar.
Ellefu vandlega valin kraftseyði úr jurtum, sem þekktar eru fyrir gagnsemi sína, eru notuð til að ná fram sem kröftugustum áhrifum.
Áhrif aloe og annarra plantna valda því í sameiningu að úði Aloe First verkar sefandi á sviða og kláða og má því nota á útbrot, fleiður, skeinur og marbletti. Auðvelt er að nota hann, jafnvel þótt áverkastaðurinn sé svo aumur að ekki sé hægt að snerta hann (til dæmis þegar fólk er með hlaupabólu). Úðinn er ætlaður til nota á sólbruna og minni háttar brunasár og skrámur og rispur sem þeir verða gjarnan fyrir sem hreyfa sig mikið og eru mikið á ferðinni. Aloe First hefur rétt sýrustig og hefur sefandi áhrif, jafnvel á hina viðkvæmustu húð. Úðinn hefur sefandi áhrif á kláðaútbrot.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, vatn, allantóín, glýseról, tókoferól (náttúrulegt E-vítamín), ólýsorbat 20, imídasólídinúrea, metýlparaben, natríumsítrat, býflugna-própólis, kraftseyði af morgunfrúm, kraftseyði af vallhumli, kraftseyði af tímían, kraftseyði af kamillu, kraftseyði af túnfíflum, kraftseyði af tröllatré, kraftseyði af píslarplómum, kraftseyði af salvíu, kraftseyði af engifer, kraftseyði af hjólkrónu, kraftseyði af sandelvið.

Magn

473ml.

Leiðbeiningar

Berið á húð eftir þörfum til að mýkja hana og draga úr sviða.

Í sviphendingu...

- Ætti að vera í hverjum einasta baðherbergisskáp!
- Virkar sefandi á bruna, útbrot, skordýrabit og stungur.
- Ver hárið gegn áhrifum sólarljóss og skaðsemi klórblandaðs vatns.
- Virkar sefandi á kláðaútbrot.
- Gott að nota fyrir hárliðun.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Scrub

Lýsing og notkunarsvið

Þegar þú kýst að „djúphreinsa“ húðina er nærtækt að nota Aloe Scrub. Hin einstaka samsetning þess byggist á geymsluvörðu aloe vera geli og smágerðum ögnum sem myndaðar eru úr hreinni jojoba-olíu. Aloe Scrub er milt, og því má nota það á hverjum degi, en jafnframt nægilega öflugt til að hreinsa burt óhreinindin sem óhjákvæmilega safnast fyrir í svitaholum okkar. Náttúruefnin tvö, aloe og jojoba, hreinsa húðina og gera henni kleift að nýta hina náttúrulegu hæfni sína til sjálfshreinsunar auk þess að vernda hana frá þeim skemmdum og þurrki sem notkun tilbúinna hreinsiefna hefur jafnan í för með sér.

Forever Aloe Scrub er ætlað til húðhreinsunar. Það er framleitt úr geymsluvörðu aloe vera geli með náttúrulegum jojoba-perlum sem hreinsikornum. Það er framleitt með það fyrir augum að það geti hentað allri húð, hvar sem er á líkamanum, þar á meðal andliti. Hreinsiefnið fjarlægir dauðar húðfrumur og óhreinindi sem geta stíflað svitaholur og haft neikvæð áhrif á áferð húðarinnar. Húðfrumur endurnýjast á 21–28 daga bili. Hin mildu hreinsiáhrif Forever Aloe Scrub fjarlægja hið dauða húðfrumulag en það dregur úr hættunni á því að svitaholur stíflist og gefur nýjum húðfrumum vaxtarrými. Þannig fær húðin geislandi og ferskt yfirbragð.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, vatnsrofin jojoba-olía, glýserýlsterat, própýlenglýkól, natríumkókóýlísetíónat, lauramine oxíð, setýlalkohól, kókamíðprópýlbetaín, PEG–100 sterat, vatnað kísl, natríumlaktat, tókóferól (náttúrulegt E-vítamín), sítrónusýra, askorbínsýra (C-vítamín), díasólínidýlúrea, metýlparaben, própýlparaben, ilmefni, FD&C Blue No.1.

Magn

99g.

Leiðbeiningar

Berið á vota húð, hvort sem um andlit eða aðra líkamshluta er að ræða. Nuddið gætilega með votum fingurgómum (gætið þess að hreinsiefnið berist ekki í augu) í tvær til þrjár mínútur og notið hringhreyfingar. Bætið við vatni eftir þörfum. Skolið vel og þerrið með hreinu mjúku handklæði.

Í sviphendingu...

- Náttúrulegt húðhreinsiefni fyrir andlit og líkama.
- Undirbýr húðina fyrir rakagjafa.
- Notist áður en „brúnkukrem“ er borið á.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Sunless Tanning Lotion

Lýsing og notkunarsvið

Þetta þykka „brúnkukrem“, Aloe Sunless Tanning Lotion, gefur þér kost á því að vera sólbrún(n) allt árið án þess að sólin skíni á þig! Því oftar sem þú berð það á þig, því þéttari verður sólbrúnkuliturinn. Þegar þú hefur fengið þann lit sem þú óskar eftir þarf sjaldnar að bera Aloe Sunless Tanning Lotion á sig til að viðhalda honum.

Aloe Sunless Tanning Lotion frá Forever dekrar við húð þína með aloe og öðrum mikilvirkum mýkjandi efnum þannig að brúni liturinn verður jafn og áferðarfallegur. Með þessu „brúnkukremi“ getur þú verið eins brún(n) og þig lystir án þess að þurfa að leita á náðir móður náttúru.

Nú getur þú verið brún(n) allt árið með Aloe Sunless Tanning Lotion frá Forever!

Innihald

Aloe barbadensis hlaup, vatn, díhýdroxýaseton, glýseról, metýl-glúket 20, C 12–15 alkýlbensóat, blönduð sólblómaolía, sýklómetíkon, etoxýdíglýkól, dímetíkon copolyol, setýlalkohól, glýserýlsterat, PEG-75 sterat, ceteth-20, steareth-20, pólýsorbat–60, xantangúmmí, metýlparaben, díasólínidýlúrea, pólýparaben, tvínatríum EDTA, ilmefni.

Magn

118ml.

Leiðbeiningar

Til á ná sem bestum árangri er heppilegt að fara í bað eða sturtu áður en borið er á sig. Berið þunnt, jafnt lag á húðina. Berið þunnt á hné, olnboga og ökkla. Endurtakið með fjögurra til fimm klukkustunda fresti þar til fenginn er sá litur sem óskað er eftir. Þvoið hendur vandlega að lokinni notkun. Gætið þess að koma hvorki við föt né húsgögn uns liturinn er þornaður. Notist daglega eða tvisvar á dag (eða eftir þörfum) til að viðhalda brúna húðlitnum.

Í sviphendingu...

- Það koma ekki rendur.
- Engin óþægileg lykt.
- Inniheldur aloe til mýkingar.
- Berið aftur á til að fá dekkri lit.
- Smitar ekki í föt.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Sunless Tanning Lotion – framhald

Lýsing og notkunarsvið

Athugið: Varan inniheldur ekki sólarvörn.

Ábendingar
Til þess að brúni liturinn verði samfelldur og áferðin jöfn er heppilegt að byrja á því að hreinsa húðina og þerra hana. Notið síðan eitthvert hinna frábæru rakakrema frá Forever og leyfið því að virka í 15 mínútur þannig að það hafi ekki áhrif á virkni DHA, sem er virka efnið í öllum „brúnkukremum".

Notaðu stóran svamp til að bera á þig. Það er heppilegt til þess að tryggja að áferðin verði jöfn um allan líkamann. Láttu kremið þorna í 20 mínútur — síðan er óhætt að fara í rúmið eða klæða sig og föt hafa ekki áhrif á myndun brúna litarins.

Ef þú berð á þig með höndunum skaltu þvo þær vandlega á eftir eða nudda þær með sítrónusafa til þess að lófarnir verði ekki brúnir.

Kremið ver þig ekki gegn skaðlegum áhrifum útfjólublárra sólargeisla. Það gerir hins vegar Aloe Sunscreen með prýði en þú þarft að hafa hugfast að þótt húð þín verði fallega brún með Aloe Sunless Tanning Lotion hefur hún ekki myndað þol gegn sólarljósi.

Náttúruleg sólbrúnka dofnar smám saman en hægt er að viðhalda henni með því að bera Aloe Sunless Tanning Lotion á húðina. Brúni liturinn sem fæst við það endist í tvo daga eða svo.

A-Beta-Car verndar húðina fyrir utanaðkomandi áhrifum. Að sumarlagi kemur það í veg fyrir að húðin verði of næm fyrir sólarljósi. Taktu tvær töflur á dag (með morgun- og kvöldverði). Beta-karótínið í þessari vöru gefur húðinni fallegan og náttúrulegan ólífulit.

Aloe Sunless Tanning Lotion mun gefa húð þinni fallega útgeislun allt árið og þú þarft ekki að hætta heilsu þinni í það að liggja í sólbaði úti við eða á sólbaðsstofu.

Gættu öryggis og notaðu Aloe Sunless Tanning Lotion.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Sunscreen

Lýsing og notkunarsvið

Allt virðist betra og bjartara þegar sólin skín, en jafnvel sólskinið hefur sínar skuggahliðar! Okkur er auðvitað vel kunnugt um þá hættu sem of mikið sólskin getur valdið okkur og vitum hversvegna við þurfum að nota góða sólarvörn.

Aloe Sunscreen frá Forever Living Products tengir saman vísindi nútímans og góða eiginleika náttúrulegra efna sem sefa húðina, mýkja hana og verja hana fyrir áhrifum sólar og vinds. Sólarvörnin sker sig úr fyrir það að aðal innihaldsefni hennar er geymsluvarið aloe vera gel og megintilgangurinn með notkun hennar er að verja húðina fyrir hinum skaðlegu áhrifum útfjólublárra geisla í sólarljósinu. Sólarvörnin er af styrk 30 og hún er vatnsþolin. Er völ á nokkru betra en geymsluvarða aloe vera gelinu okkar til að draga úr hættunni á því að húðin ofþorni, flagni og brenni í sólinni og til að endurheimta rakajafnvægi hennar?
Hinir vel metnu eiginleikar aloe vera gera það að verkum að Aloe Sunscreen hentar einnig prýðilega til notkunar eftir útiveru í sól þar sem það er kælandi og sefandi fyrir húðina.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, vatn, oktílmetoxýsinnamat, oktílsalísýklat, sinkoxíð, dímetíkon, pólýsorbat 80, C12–15 alkýlbensóat, hýdroxýetýl akrýlat / natríum acrýlodímetýltárat samfjölliða, squalane, glýserýlsterat, setýlalkohól, glýseról, pólýsorbat 60, VP/eicosene samfjölliða, PEG-100 sterat, díasólínidýlúrea, metýlparaben, própýlparaben, xantangúmmí, ilmefni, tókóferólsýra.

Magn

118ml.

Leiðbeiningar

Berið að vild á alla líkamshluta sem sól nær til. Um það bil tvær matskeiðar nægja til að þekja allan líkamann. Nuddið sólaráburðinum á með fingurgómum (lófarnir draga of mikið í sig). Berið áburðinn á um 15–30 mínútum áður en haldið er út í sólina. Endurtakið þegar húðin fer að þorna.

Í sviphendingu...

- Öflug sólarvörn og vörn gegn sólbruna.
- Ver húðina fyrir sólbruna en hindrar ekki að hún taki brúnan lit.
- Mild en öflug vatnsþolin sólarvörn. Endist um 40 mínútur í vatni.
- Mýkir húðina og eykur endingu sólbrúnkunnar.
- Hentar prýðilega fyrir börn.
- Gott eftir sólbað.
- Náttúruleg skordýrafæla.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Sunscreen – framhald

Lýsing og notkunarsvið

Berið að vild á alla líkamshluta sem sól nær til. Um það bil tvær matskeiðar nægja til að þekja allan líkamann. Nuddið sólaráburðinum á með fingurgómum (lófarnir draga of mikið í sig). Berið áburðinn á um 15–30 mínútum áður en haldið er út í sólina. Endurtakið þegar húðin fer að þorna.

Eftirtöldum ráðum er ætlað að draga úr skaðsemi sólargeisla.

Mundu að sólarljós veldur skaða á húðinni. Sólbrúnkan er merki um varnir húðarinnar gegn skaðlegum áhrifum sólarljóssins og tilraun líkamans til að verja sig gegn skaðsemi þess.

Grípið til skynsamlegra athafna til að fyrirbyggja sólbruna, ekki síst þegar börn eiga í hlut.

Takmarkaðu það hversu lengi sólin skín á þig. Gættu sérstaklega að þér um miðjan daginn þegar sólin er hæst á lofti.

Leitaðu í skugga þegar sól skín skært en minnstu þess að í sterkri sól getur þú orðið fyrir sólbruna jafnvel þótt þú haldir þig í skugganum.

Minnstu þess að þú getur sólbrunnið í vatni. Þar sem útfjólubláir geislar endurkastast, svo sem í vatni, sól og sandi, er hættan á sólbruna raunar meiri.

Notaðu viðeigandi höfuðfat, t.d. barðastóran hatt, til að vernda andlit þitt og háls fyrir áhrifum sólarinnar.

Láttu fötin hylja húðina í mikilli sól, t,d, er gott að klæðast langerma skyrtu.

Velja ætti sólgleraugu sem vernda augun fyrir beinu ljósi og hliðarljósi í senn.

Notaðu öfluga sólarvörn, a.m.k. styrk 15, á óvarða húð og endurnýjaðu hana eftir þörfum.

Minnstu þess að ýmis lyfseðilsskyld lyf, náttúrulyf og snyrtivörur geta gert húð þína næmari fyrir áhrifum sólarljóss.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Sunscreen Spray

Lýsing og notkunarsvið

Það fylgir því að lifa athafnasömu lífi að maður þarf alltaf að vera viðbúinn. Við hugsum um heill og vellíðan allra í fjölskyldunni og þegar við búum okkur undir að njóta sumars og sólar er gott að geta gripið til Aloe Sunscreen Spray.

Þegar sólin skín ættir þú ávallt að hafa Aloe Sunscreen Spray við hendina. Það veitir sólarvörn nr. 30 og inniheldur aloe vera sem ver húð þína fyrir áhrifum sólarinnar. Það er einnig vatnsþolið þannig að þú getur buslað að vild án þess að hafa áhyggjur. Úðaðu þessari góðu sólarvörn á þig í fljótheitum og þú ert klár í sólbaðið. Það hefur aldrei verið einfaldara að líta sumarlega út.

Innihald

Virk innihaldsefni: Homosalate, octisalate, ensulizole, avobenzone, octocrylene.
Óvirk innihaldsefni: Geymsluvarið aloe vera gel, vatn, Iprópandíól, díetýlhexýlkarbónat, bútílostílsalisýlat, pólýester-7, stýren/akrýlat samfjölliða, neópentýlglýkól díheptanóat, akrílöt/C-12–22 alkýl metaakrýlat samfjölliða, setearet-25, akrýlat samfjölliða, fenoxýetanól, dinatríum etýlen diokamíð PEG-15 disulfat, tríetanólamín, pentýlenglýkól, dinatrium EDTA, panþenól, ilmefni, tókóferólasetat, metýlísóþíasólínón.

Magn

178ml.

Leiðbeiningar

Hristið vel fyrir notkun. Berið á í ríkulegu magni 15–30 mínútum áður en farið er út í sól og gætið þess að áburðurinn þeki húðina vel. Úðið í lófa og berið á andlit. Endurtakið eftir að farið hefur verið í vatn eða húðin þurrkuð með handklæði. Leitið ráða læknis um notkun fyrir börn undir 6 mánaða aldri.

Í sviphendingu...

- Sólarvörn 30 sem veitir vörn gegn skaðlegum sólargeislum
- Vatnsþolin
- Í þægilegum úðabrúsa

cruelty free

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Body Toning Kit

Lýsing og notkunarsvið

Sýndu þínar glæsilegustu hliðar með aðstoð Aloe Body Toning Kit. Það er þróað með það fyrir augum að hjálpa þér við að líta sem best út með því að lagfæra húðina og gera áferð hennar fallega. Vörurnar eru ætlaðar til þess að draga úr ójöfnum á yfirborði húðarinnar, svo sem appelsínuhúð á mjöðmum, með því að fletja út fitufrumur og gera húðina stinnari.

í Aloe Body Toning Kit er Aloe Body Toner sem er notaður með sellófanfilmu, Aloe Body Conditioning Creme sem notað er staðbundið og ekki með sellófanfilmu, Aloe Bath Gelée í dásamlegt og slakandi bað sem sefar og mýkir húðina og glófi til að nudda og örva húðina á meðan á baðinu stendur.

Við erum stolt af þessum frábæru vörum og bjóðum þér að láta líkama þinn njóta þess besta. Veldu Forever-leiðina fyrir sjálfstraust og vellíðan!

Vinsamlegast leitið upplýsinga um Aloe Bath Gelée í hluta 5.03.

Aðvörun: Ekki nota Toning Kit ef þú ert barnshafandi, hefur nýlega gengist undir skurðaðgerð eða ert haldin tilteknum sjúkdómum svo sem hjartasjúkdómum, bláæðabólgu eða blóðrásarkvillum. Fyrir notkun er rétt að prófa Toning Kit á litlu húðsvæði til að kanna hvort ofnæmisviðbrögð koma fram.

Við notkun á Toner go Conditioning Creme

- Þvoðu hendur þínar strax eftir notkun
- Gættu þess að efnið berist ekki í augu
- Berðu efnið ekki á andlit, brjóst eða á kynfæri
- Ef vart verður við óþægindi í húð skal skola samstundis með vatni
- Notist ekki á húð sem hefur orðið fyrir ertingu eða nýrakaða húð

Leitaðu ráðlegginga læknis áður en þú notar plastfilmu. Gætið þess að börn nái ekki í plastfilmuna

Í sviphendingu...

- Eykur blóðrásina en það leiðir til þess að stíflur losna og vökvi sem gjarnan safnast upp í húðinni og veldur appelsínuhúð hreinsast burt.
- Detox-áhrif.
- Virkar grennandi.
- Mýkir húðina, gerir hana stinnari og jafnar áferð hennar.
- Frábær blanda margs konar jurtaefna.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Að nota Aloe Body Toning Kit

Skref 1.

Húðhreinsun.
Hreinsaðu húðina vandlega með Aloe Bath Gelée og skrúbbhanskanum. Aloe Activator (er ekki í pakkanum) er mjög heppilegt til þeirra nota þar sem það fjarlægir sápuleifar og önnur efni af yfirborði húðarinnar og þekur hana með lagi af aloe vera áður en Toner og Creme eru borin á.

Skref 2.

Mældu og merktu.
Til þess að þú getir gert þér fulla grein fyrir áhrifum Aloe Vera Toning meðferðarinnar skaltu gera tvær mælingar, aðra fyrir meðferðina og hina eftir að henni er lokið. Þú þarft að nota málband og mjúkodda penna. Mældu ummál upphandleggja, læra og bols á þremur stöðum. Legðu tölurnar saman og haltu heildartölunni til haga.

Skref 3.

Berðu Aloe Body Toner á þig.
Áður en þú berð Aloe Body Toner á allt svæðið skaltu ætíð gera prufu á litlum bletti til að ganga úr skugga um að ekki komi fram ofnæmisviðbrögð. Hitandi og örvandi áhrif Aloe Body Toner á húðina eru í beinu hlutfalli við magnið sem þú notar — því meira sem þú berð á þig, því meiri hiti myndast. Berðu efnið að vild á það svæði sem þú vilt þekja. Gættu þess að nota það ekki á nýrakaða húð og notaðu það heldur ekki rétt eftir bað. Berðu það ekki á brjóst, andlit, kynfæri eða slímhúð. Gættu þess að efnið berist ekki í augu. Þegar fjarlægja þarf Toner skal ávallt skola með gnótt af volgu vatni.

Skref 4.

Hyldu svæðið með plastfilmunni.
Þetta skref er valkvætt og undir þér komið. Vefðu filmunni gætilega utan um þig og ávallt neðan frá og upp á við, í átt að hjartanu. (Á fótleggjum: innan frá og út á við. Á handleggjum: utanfrá og inn á við). Þegar allt svæðið hefur verið vafið skal vefja það aftur en að þessu sinni þéttar en áður með því að toga í filmuna. Liggi hún of þétt að eða náladofa verður vart skal einfaldlega klippa filmuna frá með oddlausum skærum.

Látið filmuna vera á í klukkustund. Slakið á á meðan og réttið úr fótum. Ekki stunda neina áreynslu meðan á þessu stendur og gætið þess að sofna ekki. Það má horfa á sjónvarp eða líta í bók til að slaka á. Þegar klukkustundin er liðin skal fjarlægja filmuna og koma henni þegar í stað í ruslið. Mældu nú aftur á sömu stöðum og áður og dragðu heildartöluna frá fyrri heildartölu. Munurinn á tölunum sýnir hve mikið þú hefur grennst.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Að nota Aloe Body Toning Kit – framhald

Til að viðhalda:

Aloe Body Conditioning Creme
Berðu á þig Aloe Body Conditioning Creme. (Áður en Aloe Body Conditioning Creme er notað skal ávallt prófa það á litlum bletti til að kanna hvort ofnæmisviðbrögð gera vart við sig).

Þessi þykki áburður er borinn beint á húðina og ekki er notuð filma meðan á meðferðinni stendur. Hægt er að nota áburðinn sem viðhaldsmeðferð á öll meðferðarsvæði að því tilskildu að filma sé ekki notuð. Aloe Body Conditioning Creme hjálpar til við að örva blóðrásina og fjarlægja uppsafnaðan vökva og fituvefi. Gætið þess vel að nota áburðinn ekki á nýrakaða húð eða viðkvæma húð og notið hann ekki rétt eftir bað. Notið áburðinn ekki á brjóst, andlit, kynfæri eða slímhúð. Gætið þess að efnið berist ekki í augu. Ef fjarlægja þarf áburðinn skal það gert með ríkulegu magni af volgu vatni.

Þvoið hendur þegar að notkun lokinni, lokið ílátinu vel og geymið þar sem börn ná ekki til.

Almennar ábendingar

- Nota ætti filmu í samræmi við þarfir. Losaðu og hertu hana eins og þú vilt.
- Áhrif meðferðarinnar eru ekki eins augljós hjá fólki sem hefur verið lengi í yfirvigt og hinum þar sem fitan harðnar undir húðinni þegar hún er þar lengi. Þörf er á reglulegri hreyfingu og réttu mataræði ef þetta er raunin.
- Vöðvastælt fólk mun einnig sjá minni árangur af meðferð með filmu.
- Það fólk sem líklegt er að hafi mest gagn af meðferðinni eru þeir sem hafa þyngst nokkuð á stuttum tíma og fólk sem ekki er ýkja vöðvastælt. Beita má meðferðinni tvisvar til þrisvar fyrstu vikuna og draga úr tíðni hennar á næstu vikum í samræmi við þarfir.
- Það er fullkomlega eðlilegt að finna til þorsta að meðferð lokinni þar sem líkaminn hefur orðið fyrir vökvatapi. Mælt er með því að þú drekkir vatn til að bæta upp tapið og ýta undir efnaskipti líkamans sem verða til þess að líkaminn losar sig við vatn og fitu.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Body Toner

Lýsing og notkunarsvið

Hægt og unaðslega mun þessi þykki mýkingaráburður örva og hita húð þína. Aloe Body Toner inniheldur geymsluvarið aloe vera gel, þeytiefni, mýkingarefni og rakagefandi efni auk kanilolíu og papriku sem eru hitagefandi.

Aloe Body Toner er framleitt með það fyrir augum að það sé notað ásamt sellófanfilmu til að halda hitanum að húðinni og jafna yfirborð hennar. Þetta sérframleidda krem gegnir þeim tilgangi að fegra líkamann með því að gera hann stinnari. Áhrif kremsins á áferð húðarinnar stafa af innihaldsefnum þess og aðferðum við að bera það á. Efnin í kreminu framkalla notalega hitatilfinningu og sefa húðina. Krafturinn úr evrópskum jurtum sem notaðar eru í kremið er kunnur að því að hafa mótandi áhrif á útlit líkamans. Náttúrulega mýkjandi og fegrandi áhrif aloe vera og jurtakraftarins ásamt litargefandi eiginleikum papriku og kanilolíu gera áhrif þessarar vöru einstaklega öflug.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, vatn, C10–18 þríglýserið, glýserýlsterat, própýlenglýkól, bútýlenglýkól, setýlalkohól, tríetanólamín, bergfléttuþykkni, toppþykkni, bergsóleyjaþykkni, bóluþangsþykkni, hrossapuntsþykkni, uppleysanleg kollagen, vatnsrofið elastín, kanilolía, PEG-100 sterat, pólýsorbat 20, soarbítanlárat, karbómer, paprikuolíuresín, askorbínsýra (C-vítamín), metýlparaben, própýlparaben.

Magn

113g.

Leiðbeiningar

Bent er á leiðbeiningar sem fylgja með Aloe Body Toning Programme kassanum.

Í sviphendingu...

- Fegrar líkamann með því að gera hann stinnari og laga áferð húðarinnar.
- Mýkir og nærir húðina.
- Frábær blanda jurtakrafts.
- Mýkjandi krem með mikla hitavirkni sem kemur lagi á húðina.
- Framleitt til að nota með sellófanfilmu.
- Hannað til að fegra líkamann og gera húðina stinnari.

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.

Aloe Body Conditioning Creme

Lýsing og notkunarsvið

Ef þú óskar eftir því að líkami þinn sé stæltur og fjaðurmagnaður á að sjá þá er Aloe Body Conditioning Creme það rétta fyrir þig og heppilegt er að nota það ásamt Aloe Body Toner. Þessar vörur, auk þeirra sem eru í Aloe Body Toning Kit, geta ásamt reglulegri hreyfingu og réttu mataræði orðið til þess að draga úr myndun appelsínuhúðar.

Það eru margar ástæður fyrir því að appelsínuhúð myndast en afleiðingar hennar eru oft vanmáttarkennd og skortur á sjálfstrausti. Bæði ójafnvægi í hormónastarfsemi og mikið magn esterógens geta valdið myndun appelsínuhúðar og hún getur einnig stafað af æðaskemmdum. (Meðal þeirra fæðubótarefna sem styrkja æðakerfið eru Nature-Min, Absorbent-C og A-Beta-CarE.)

Aloe Body Conditioning Creme er þykkur mýkjandi áburður sem inniheldur þykkni úr evrópskum jurtum, þeytiefni, rakagefandi efni og næringarefni. Nota má Aloe Body Conditioning Creme sem nuddkrem með góðum árangri og einnig til svæðanudds á mjöðmum og fótleggjum eða þeim hlutum líkamans sem ekki ætti að vefja í plastfilmu. Þetta frábæra krem kámar ekki og veitir notalegan hita í húðina. Það örvar blóðrásina sem veldur því að það losnar um stíflur og innilokaðir vökvar og fituvefir, sem gjarnan orsaka appelsínuhúð, berast burt.

Innihald

Geymsluvarið aloe vera gel, vatn, C10–18 þríglýseríð, glýserýlsterat, própýlenglýkól, bútýlenglýkól, setýlalkohól, olía úr villtu túrmerik, engiferolía, tríetanólamín, bergfléttuþykkni, toppþykkni, bergsóleyjaþykkni, bóluþangsþykkni, hrossapuntsþykkni, uppleysanlegt collagen, vatnsrofið elastín, PEG-100 sterate, pólýsorbat 20, sorbítanlárat, karbómer, dímetíkonallantóín, askorbínsýra (C-vítamín), díasólínidýlúrea, metýlparaben, pólýparaben, ilmefni.

Magn

113g.

Leiðbeiningar

Bent er á leiðbeiningar sem fylgja með Aloe Body Toning Programme kassanum.

Í sviphendingu...

- Hjálpar til við að auka blóðflæði undir húð sem getur losað um stíflur þannig að uppsafnaður vökvi og fituvefir berist burt.
- Hjálpar til að draga úr appelsínuhúð.
- Gott nuddkrem.
- Kámar ekki.

crueltyfree

Efni þessa rits er einungis ætlað til fróðleiks en ekki í auglýsingaskyni, til útbýtingar eða í tengslum við vörukynningar. Til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar verði teknar úr samhengi er lagt bann við fjölföldun þessa efnis eða notum á útdrætti úr því nema fyrir liggi skriflegt leyfi Forever Living Products. Leitaðu læknis áður en þú hefur neyslu á einhverjum af þeim vörum sem hér er fjallað um, ef þú hefur þörf fyrir læknisfræðilegar ráðleggingar.